B. **Peningaseðlar:**

( i) 100 og 1000 krónu seðla Landsbanka Íslands, Seðlabankans, sem gefnir voru út skv. heimild í lögum nr. 63 frá 21. júní 1957.

(ii) 100, 500, 1000 og 5000 krónu seðla Seðlabanka Íslands, sem gefnir voru út skv. heimild í lögum nr. 10 frá 29. mars 1961.

2. gr.

Frestur til að afhenda þá peninga, sem greindir eru í 1. gr., er til og með 30. júní 1981. Fram til þess tíma eru allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim og eru þeir á meðan lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna með einum hundraðasta hluta ákvæðisverðs en falla síðan úr gildi sem gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þá skylt að innleysa peningana með einum hundraðasta hluta ákvæðisverðs til og með 31. desember 1982.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast framkvæmd innköllunar þessarar, m. a. með því að auglýsa hana.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 9. gr. laga nr. 35 frá 29. maí 1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, svo og með hliðsjón af ákvæðum 10. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Viðskiptaráðuneytið, 7. nóvember 1980.*

**Tómas Árnason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

Nr. 565.

# REIKNINGUR

## Lífeyrissjóðs bænda.

Tekju- og gjaldareikningur 1979

| | | |
|---|---|---|
| IÐGJÖLD: | kr. | 1 701 303 316 |
| Iðgjöld framleiðenda 1979 skv. áætlun stjórnar | — | 487 708 725 |
| Iðgjöld neytenda 1979 skv. áætlun stjórnar | — | 883 747 000 |
| Iðgjöld launþega | — | 345 595 |
| Iðgjöld vinnuveitenda | — | 528 256 |
| Réttindaflutningur | — | ÷1 998 924 |
| Endurgreidd iðgjöld | — | ÷ 121 424 |
| Framl. Ríkissjóðs Íslands v/lífeyrisgr. | — | 206 913 075 |
| Framl. Stofnlánadeildar landbúnaðarins v/ lífeyrisgr. | — | 124 172 013 |
| LÍFEYRISGREIÐSLUR | kr. | 829 309 317 |
| IÐGJÖLD ÷ LÍFEYRISGREIÐSLUR | — | 871 993 999 |
| LÍFEYRISGREIÐSLUR VEGNA UMSJÓNARNEFNDAR EFTIRLAUNA | — | 23 419 749 |
| FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD | — | 998 951 069 |
| Vaxtatekjur | — | 430 180 989 |
| Vísitöluálag | — | 570 097 980 |
| Fjármagnsgjöld | — | ÷1 327 900 |

| | | |
|---|---|---|
| SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR | kr. | 17 298 000 |
| Laun og launatengd gjöld | — | 7 842 752 |
| Annar kostnaður | — | 9 455 248 |
| AFSKRIFTIR | — | 44 216 |
| TEKJUAFGANGUR TIL RÁÐSTÖFUNAR | kr. | 1 830 183 103 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 1979.

### Eignir:

| | | |
|---|---|---|
| VELTUFJÁRMUNIR: | | |
| Handbært fé, bankainnistæður | kr. | 585 229 284 |
| Skammtímakröfur | — | 479 609 678 |
| Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar | — | 351 862 678 |
| Ríkissjóður Íslands v/framlags neytenda | — | 127 747 000 |
| Veltufjármunir | kr. | 1 064 838 962 |
| FASTAFJÁRMUNIR: | | |
| Langtímakröfur og áhættufjármunir | kr. | 3 402 183 048 |
| Skuldabréf Framkvæmdasj. Íslands nafnverð | — | 576 840 752 |
| Skuldabréf Framkvæmdasj. Íslands áfallin vísitala | — | 640 461 917 |
| Skuldabréf Stofnlánadeildar landbúnaðarins, nafnverð | — | 611 072 023 |
| Skuldabréf Stofnlánadeild landb., áfallin vísitala | — | 234 017 671 |
| Byggingarsjóður ríkisins, nafnverð | — | 50 000 000 |
| Byggingarsjóður ríkisins, áfallin vísitala | — | 15 257 352 |
| Skuldabréf Veðd. Búnaðarbanka Íslands, nafnverð | — | 247 249 998 |
| Skuldabréf Stofnlánadeildar landbúnaðarins, nafnverð | — | 1 027 283 335 |
| Varanlegir fjármunir, skrifstofuáhöld | kr. | 243 456 |
| Fastafjármunir | kr. | 3 402 426 504 |
| Eignir samtals | kr. | 4 467 265 466 |

### Skuldir og eigið fé:

| | | |
|---|---|---|
| EIGIÐ FÉ: | | |
| Höfuðstóll 1. janúar 1979 | kr. | 2 637 082 363 |
| Tekjuafgangur 1979 til ráðstöfunar | — | 1 830 183 103 |
| Eigið fé samtals | kr. | 4 467 265 466 |

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem eru skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1979 og efnahagsreikning 31. desember 1979, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 15. febrúar 1980.

Vigfús Gunnarsson, lögg. endurskoðandi. Einar Sverrisson.